

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um rekstur sjúkrahótels.

Frá Björt Ólafsdóttur.

1. Hver var kostnaður ríkissjóðs við rekstur sjúkrahótels við Ármúla sl. fimm ár, sundurgreint eftir árum á verðlagi ársins 2014?
2. Hvert var verð á hverja gistinótt á sjúkrahótelinu framangreind ár, sundurgreint eftir árum á verðlagi ársins 2014?
3. Hver er áætlaður sparnaður vegna útboðs Ríkiskaupa á rekstri sjúkrahótels á höfuðborgarsvæðinu?
4. Hvert er áætlað verð á hverja gistinótt miðað við breytt rekstrarform og útboðsgögn?
5. Hve mikið er áætlað að þjónustan aukist eða dragist saman með breyttu rekstrarformi?

Skriflegt svar óskast.